

7. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til gulllaxveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til gulllaxveiða og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til gulllaxveiða.

8. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

8. júní 1998

Nr. 308

REGLUR

um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Aðild að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum.

Aðilar að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum geta þeir orðið, sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði eða á grundvelli laga nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur samkvæmt ákvæðum þessara reglna.

Hver sá, sem æskir þess að verða þátttakandi í viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum, skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Í umsókn skal koma fram með hvaða hætti umsækjandi er undir það búinn að taka þátt í viðskiptum á þessum markaði skv. reglum þessum sbr. einkum 4., 5., 9., 10. og 13. gr. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan mánaðar frá því að hún berst. Sampykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það aðilum á markaðnum í síðasta lagi fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn aðildar að viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum gilda ákvæði 15. gr.

2. gr.

Skyldur þátttakenda vegna tilboða og viðskipta.

Þátttakanda er skylt að gefa upp bindandi inn- og útlánstilboð ef annar þátttakandi óskar þess. Tilboð þátttakanda skulu taka til eftirfarandi lánstíma og lágmarksfjárhæða:

Eins dags inn- eða útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.
Einnar viku inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.
Eins mánaðar inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 50 m.kr.
Þriggja mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 50 m.kr.

Tilboð eru bindandi svo fremi sem lánalínur, sbr. 10. gr. þessara reglna eru ekki fullnýttar. Ef þátttakandi óskar eftir viðskiptum fyrir hærri fjárhæðir en tilgreindar eru að framan er mótaðila í sjálfsvald sett hvort hann vill eiga slík viðskipti. Þátttakanda, sem gert hefur tilboð, sem leitt hefur til viðskipta, er eigi skylt að gera sama mótaðila tilboð aftur fyrir en 10 mínútur hafa liðið frá fyrri viðskiptum.

Tilboð og viðskipti fara fram um síma en um tilkynningar til Seðlabanka um viðskipti fer skv. 5. og 8. gr. þessara reglna.

3. gr.

Markaðstími.

Viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum fara fram frá kl. 9.30 til 14.00 hvern viðskiptadag.

4. gr.

Leiðbeinandi vaxtilboð.

Þátttakendur skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi vaxtilboð á millibankainn- og útlánnum á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters, Telerate, eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi, sem markaðsaðilar koma sér saman um að nota. Leiðbeinandi vexti skal uppfæra eigi sjaldnar en á 5 mínútna fresti. Þar skulu að öðru jöfnu sýndir þeir vextir sem þátttakandi er reiðubúinn að greiða af innlánnum eða taka af lánnum til þátttakenda á millibankamarkaðinum.

5. gr.

Upplýsingakvöð þátttakenda.

Þátttakandi, sem gefið hefur upp vexti er leitt hafa til inn- eða útlánsviðskipta, skal tilkynna Seðlabanka símleiðis, með „Reuter-mail“ eða eftir öðrum sambærilegum boðleiðum um þau viðskipti, eigi síðar en 5 mínútum eftir að viðskipti hafa átt sér stað. Þar skal koma fram mótaðili, fjárhæð, lánstími og vextir. Seðlabankinn ákveður hvaða boðleið skuli notuð í þessu skyni.

Þátttakendum ber einnig að veita Seðlabankanum símleiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Þátttakendum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

6. gr.

Upplýsingakvöð Seðlabanka Íslands.

Í tengslum við ákvörðun daglegra viðmiðunarvaxta birtir Seðlabankinn vexti daglega á Reuterssíðu og/eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi.

Seðlabankinn sendir reglulega öllum þátttakendum upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum. Jafnframt miðlar Seðlabankinn jafnóðum upplýsingum um viðskipti á markaðnum þar sem fram kemur fjárhæð, vextir og lánstími.

7. gr.

Skráning daglegra viðmiðunarvaxta.

Seðlabankinn skráir millibankavexti í íslenskum krónum (REIBOR og REIBID) með hliðsjón af leiðbeinandi vaxtilboðum þátttakenda. Hvern viðskiptadag milli kl. 11.15 og

11.30 skoðar Seðlabankinn tilboð allra þátttakenda, reiknar út meðaltal vaxta og birtir millibankavexti á þeim grundvelli. Við útreikning meðaltals tilboða skal sleppa hæsta og lægsta tilboði í inn- og útlán fyrir hvern lánstíma.

8. gr.

Aðferð við útreikning/samskipti.

Við útreikning vaxtafjárhæðar er notuð aðferð Actual/360. Tilboð verða sett fram með einföldum vöxtum. Við gerð samnings um inn- og útlán koma aðilar sér saman um upphafs- og lokafjárhæð, vexti, fjárhæð vaxta og gildis- og endurgreiðsludag. Báðir aðilar staðfesta gerðan samning með SWIFT- eða faxeskeytum. Lánveitandi tilkynnir Seðlabankanum um millifærslu og greiðsludag til mótaðila og lántaki um endurgreiðslufjárhæð og endurgreiðsludag. Tilkynningar um millifærslur skulu í síðasta lagi berast Seðlabankanum kl. 15.00 þann dag sem millifærslur fara fram.

9. gr.

Vaxtabil í viðskiptum og tilboðum.

Bil milli inn- og útlánsvaxta skal vera innan hóflegra marka. Ekki er skilgreint neitt hámarksbil sem aðilar verða að halda sig innan, en enginn einn aðili skal að staðaldri verðleggja sig út af markaðnum með óhagstæðum tilboðum. Seðlabankinn fylgist með vaxtabili þátttakenda og getur svipt þátttakanda aðild að markaðnum telji hann að þátttakandinn hegði sér óeðlilega á markaðnum.

10. gr.

Lánalínur.

Hver og einn þátttakandi ákveður hversu há útistandandi dagleg lánastaða annars þátttakenda gagnvart honum má hæst vera. Þessar lánalínur og breytingar á þeim skulu fyrirfram ákveðnar og kynntar milli aðila og til Seðlabankans.

11. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta.

Við sérstakar aðstæður getur meirihluti þátttakenda samþykkt að stöðva viðskipti á millibankamarkaði, og gildir þá slík ákvörðun til loka viðskiptadags. Þó geta viðskipti hafist aftur samdægurs ef allir þátttakendur samþykkja það. Ákvarðanir skv. þessari grein skulu þátttakendur tilkynna Seðlabankanum án tafar.

12. gr.

Gildisdagsetning viðskipta.

Fyrir út- og innlán í einn dag er afhendingardagur og fyrsti vaxtadagur sami dagur og samningurinn er gerður. Fyrir út- og innlán í viku og mánuð gildir tveggja daga gildisdagaregla fyrir afhendingu og útreikning vaxta.

13. gr.

Hæfniskröfur.

Þátttakendur skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á millibankamarkaði, hafi næga þekkingu til að annast viðskipti. Þátttakendur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í millibankaviðskiptum. Þátttakendur skulu tilkynna Seðlabankanum fyrirfram hverjir sinna viðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd, svo og ef starfsemi þátttakenda tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn viðskipta á millibankamarkaði.

14. gr.

Fundir markaðsaðila, siðareglur o.fl.

Þátttakendur skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabankann og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn viðskipta þátttakenda á millibankamarkaði. Seðlabankinn skal reglulega boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verði um leikreglur markaðarins. Þátttakendur skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, m.a. með því að setja siðareglur fyrir millibankamarkaðinn með hliðsjón af alþjóðlegum siðareglum.

Þátttakendur skulu fylgjast með öllum vísbindingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

15. gr.

Uppsögn þátttöku og viðurlög.

Þátttakandi, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að þátttakandi standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann aðild að millibankaviðskiptum. Sú ákvörðun skal tilkynnt öllum þátttakendum. Tilboð og viðskipti slíks þátttakanda teljast þá ekki lengur gild millibankaviðskipti.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 10. júní 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samkomulag er um að notast verði við upplýsingakerfi Reuters vegna leiðbeinandi tilboða sbr. 4. gr. og „Reuter-mail“ vegna upplýsingagjafar skv. 5. gr. þar til annað verður ákvæðið.

Aðilar að millibankamarkaðnum eru, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., ekki skuldbundnir til að setja fram tilboð í þriggja mánaða viðskipti fyrr en 1. ágúst 1998. Seðlabankinn mun því ekki skrá daglega viðmiðunarvexti í þriggja mánaða viðskiptum fyrr en 1. ágúst nk.

Aðilar að millibankamarkaðnum við gildistöku þessara reglna verða:

Landsbanki Íslands hf.
Búnaðarbanki Íslands hf.
Íslandsbanki hf.
Sparisjóðabanki Íslands hf.
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparisjóður Hafnarfjarðar
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Kaupþing hf.

Reykjavík, 8. júní 1998.

Seðlabanki Íslands,

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.